



Biðröð við úthlutun í Iðufelli 22. mars 2017.



Söfnun Fjölskylduhjálpar Íslands haustið 2021.

Við viljum bjóða þér að taka þátt í starfi Fjölskylduhjálpar Íslands með frjálsum framlagi og stuðla þannig að því að Fjölskylduhjálpar Íslands geti áfram hlúð að skjólstæðingum sínum eins samtökin hafa gert s.l. 16 ár.

Fjölskylduhjálpar Íslands er stærst mannúðarsamtaka á Íslandi í matarúthlutun en með minnstu fjármunina til ráðstöfunar.

Ljóst er að samtökin munu eiga mjög erfitt með að anna þeim mikla fjölda sem mun sækja um aðstoð vegna aðstæðna sem eru nú í þjóðfélaginu, en undanfarið hefur FÍ úthlutað um 50 matargjöfum í hverri viku, sem þýðir aðstoð til um 5.500 einstaklinga á mánuði.

F.Í. greiðir fyrir 70% af öllum þeim matvælum sem samtökin úthluta og staðgreiðir öll vörukaup. F.Í. aðstoðar íbúa í Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Álftanesi, Hafnarfirði, Mosfellsbæ, Seltjarnnesi, á Suðurnesjum, Akranesi, Borgarnesi, Hveragerði, Selfossi og Hvolsvelli auk annarra svæða á landsbyggðinni. Hver matargjöf er frá tveimur upp í sjö haldapoka eftir stærð fjölskyldna.

F.Í. veitir **neyðaraðstoð** (mataraðstoð) alla virka daga að Iðufelli 14 í Reykjavík og Baldursgötu 14 í Reykjanesbæ.

Þá eru 2 stórar matarúthlutanir í hverjum mánuði. Þá úthlutar félagið fatnaði á börn og fullorðna eftir þörfum, búsaðöldum og notuðum leikföngum. Nytjamarkaður með notaðan og nýjan fatnað og gjafavörur er opinn alla virka daga frá kl. 13 til 18 í Reykjavík og Reykjanesbæ. F.Í. hjálpar einnig til við að leysa út lyf og sjúkrahúskostnað fyrir skjólstæðinga.

Með hugsjónina að vopni, mikla eljusemi og aðstoð góðra stuðningsaðila hefur tekist frá árinu 2003 að gera Fjölskylduhjálpar Íslands að því sem hún er í dag. F.Í. eru hjálparsamtök, (non-profit) sem byggjast upp á sjálfbærni og hafa að leiðarljósi að hjálpa þeim sem minna mega sín.

Skjólstæðingar samtakanna eru öryrkjar, einstæðir foreldrar, fjölskyldur með lágar tekjur, eldri borgarar, fólk án atvinnu, heimilislaut fólk og hælisleitendur. Allt að 50 sjálfbærliðar halda uppi starfi Fjölskylduhjálpar Íslands allt árið um kring. Þegar allar dyr eru lokaðar fyrir þá sem minna mega sín eru dyr F.Í. alltaf opnar og símsvörun alla daga.

Bókhald félagsins hefur verið opið almenningi frá upphafi og er það líklega einsdæmi á meðal líknarfélaga hér á landi. Vefsíðan er fjolskylduhjalp.is